



52. Siglingaþing Siglingasambands Íslands

22.02.2025

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

Þessi skýrsla var unnin af:

Gunnari Haraldssyni

Úlfi Helga Hróbjartssyni

Siglingasamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal
Engjavegi 5
104 Reykjavík
netfang sil@silsport.is

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| YFIRLIT YFIR IÐKENDUR..... | 5 |
| SKÝRSLA STJÓRNAR | 6 |
| Þjálfaranámskeið | 6 |
| Málþing í maí..... | 7 |
| Keppnisstjóranámskeið | 7 |
| Mótahald..... | 8 |
| Uppbygging á afreksstarfi..... | 8 |
| Formlegar staðfestingar til siglingafélaga | 9 |
| Íþróttafólk ársins..... | 9 |
| Útgáfa Siglingafrétta..... | 10 |
| Barátta fyrir tilvist | 10 |
| Framtíðin er björt | 10 |
| ÚRSLIT 2024 MÓTA..... | 11 |
| Kayak | 11 |
| Kænur | 11 |
| Miðsumarmót – Haldið af Siglingafélagi Reykjavíkur – Brokey dagana 11-12.júní..... | 12 |
| Íslandsmeistaramót – Haldið af Siglingafélaginu Þyt í Hafnarfirði dagana 3-7. Ágúst..... | 13 |
| Akureyrarmót/Lokamót – Haldið af Siglingafélaginu Nökkva á Akureyri dagana 27-28. ágúst | 14 |
| Áramót – Ýmir | 14 |
| Kjölbátar..... | 15 |
| Opnunarmót – Haldið af Siglingafélaginu Þyt í Hafnarfirði dagana 21-22 maí. | 15 |
| Íslandsmót – Brokey | 15 |
| Íslandsbikar..... | 15 |
| LÖG SÍL..... | 16 |
| REIKNINGAR 2024 | 20 |
| REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2024..... | 20 |
| EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2024..... | 22 |
| ÁRITUN SKOÐUNARMANNA | 23 |

Dagskrá 52. Siglingaþings SÍL

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Lögð fram skýrsla stjórnar
8. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins.
9. Umræður um skýrslu stjórnar
10. Umræður um og samþykkt reikninga
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
12. Lagabreytingatillögur
13. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
14. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar
 - a. Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
 - i. b) Kosning fastanefnda
 - i) Fjárhagsnefnd 3 manna
 - ii) Laga- og leikreglnanefnd 3 manna
 - iii) Mótanefnd 3 manna
 - b. Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
 - c. Fulltrúa á íþróttáþing í samræmi við reglur ÍSÍ
 17. Þingslit

Stjórn SÍL kosin á 51. Siglingaþingi 2024

Gunnar Haraldsson formaður
Markús Pétursson varaformaður
Anna Karen Jörgensdóttir ritari
Arnar Freyr Jónsson gjaldkeri
Gauti Elfar Arnarsson meðstjórnandi
Aðalsteinn Jens Loftsson varamaður
Gunnar Úlfarsson varamaður
Susanna Mörckel varamaður

Yfirlit yfir iðkendur

Í eftirfarandi töflu má sjá tölur um fjölda iðkenda í siglingum sem unnar eru úr skýrsluskilum á vormánuðum 2021.

| Héraðssamband/félög | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
|--|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Íþróttabandalag Reykjavíkur | | | | | | | |
| Brokey, Siglingafélag Reykjavíkur | 168 | 175 | 171 | 170 | 258 | 376 | 486 |
| Kayakklúbburinn | 492 | 491 | 493 | 491 | 880 | 372 | 389 |
| Ungmennafélag Kjalarnespings | | | | | | | |
| Siglingafélagið Ýmir | 259 | 209 | 209 | 230 | 15 | 196 | 302 |
| Siglingaklubburinn Vogur | | | | | | | 106 |
| Íþróttabandalag Akureyrar | | | | | | | |
| Siglingafélagið Nökkvi | 182 | 245 | 276 | 266 | 264 | 237 | 389 |
| Íþróttabandalag Hafnarfjarðar | | | | | | | |
| Siglingaklubburinn Pytur | 379 | 506 | 572 | 253 | 173 | 121 | 179 |
| Siglingafélagið Hafliði | | | | | 15 | 19 | 15 |
| Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu | | | | | | | |
| Siglingadeild Snæfells | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Héraðssamband Vestfirðinga | | | | | | | |
| Siglingafélagið Sæfari | 50 | 50 | 50 | 112 | 66 | 86 | 74 |
| Ungmennasamband Skagafjarðar | | | | | | | |
| Siglingaklubburinn Drangey | 97 | 97 | 97 | 97 | 97 | 97 | 97 |
| Íþróttabandalag Akraness | | | | | | | |
| Siglingafélagið Sigurfari | 44 | 35 | 69 | 52 | 44 | 55 | 55 |
| Alls | 1.672 | 1.809 | 1.938 | 1.617 | 1.812 | 1.559 | 2.092 |

Í þessa töflu vantar tölur frá Siglingafélaginu Knerri í Keðlavík og Sjósportklúbbi Austurlands

Skýrsla stjórnar

Mikið var um að vera í starfsemi Siglingasambandsins á síðasta ári. Einkum og sérílagi hvað varðar menntun þjálfara og uppbyggingu á innra starfi Siglingasambandsins og siglingafélaga um landið allt.

Árið 2023 sótti SÍL um styrk til uppbyggingar á skipulagi starfsins frá Ólympíusamhjálpinni (e. Olympic solidarity) og fékk jákvæð svör skömmu eftir síðasta Siglingaþing. Hófst þá strax undirbúningur og gekk þar á ýmsu, þó sér í lagi sköpuðust vandræði með að fá vegabréfsáritun fyrir erlendan leiðbeinanda SÍL, hr. Rob Holden. Upphaflega var ætlunin að hann kæmi hér með vorin til að halda þjálfaranámskeið og á sama tíma mennta tvo einstaklinga til að kenna slík námskeið. Því miður tókst ekki að fá vegabréfsáritun fyrir Rob Holden í tæka tíð svo að þjálfaranámskeiðið var haldið undir fjarhandleiðslu Robs af þeim Gunnari Hlyn Úlfarssyni og Ísabellu Sól Tryggvadóttur. Rétt er að halda því til haga að vandræðin komu til til vegna þess að umsóknin um vegabréfaáritun fór að lögum. Þar sem Íslands er ekki með sendiráð í Suður-Afríku og beinir öllum umsóknum til dönsku utanríkisþjónustunnar var ákvörðun um að hafna árituninni tekinn af dönsku vinnumálastofnuninni og ekki var nokkur leið að fá því breytt. Var SÍL í sambandi við dönsk yfirvöld og íslensk til að leysa málið en án árangurs. Að lokum tókst að nýta áritun Rob Holden á Ólympíuleikana í Frakklandi til að koma honum til landsins.



Gunnar og Ísabella við kennslu á þjálfara námskeiði SÍL.

Þjálfaranámskeið

Það var stór hópur sem sótti þjálfaranámskeiðið og hélt svo til vinnu hjá siglingafélögnum síðasta sumar. Um 20 einstaklingar sóttu námskeiðið og útskrifuðust bæði með 1 og 2 stig siglingaþjálfaranáms. Námskeiðin hafa reynst afar vel til uppbyggingar innan félaganna og aukið gæði þjálfunar og siglingakennslu almennt. Ætlunin er að halda áfram á sömu braut og bæta við frekari námskeiðum og efla menntun leiðbeinanda og þjálfara enn frekar. Má þar nefna fyrstu hjálpar námskeið öryggisbátanámskeið og svo sérstök námskeið fyrir keppnisþjálfara.

Á sama tíma er nú unnið að því að hljóta viðurkenningur World Sailing á þjálfunaraðferðum og menntunarkerfi SÍL. Slík viðurkenning opnar á möguleika íslenskra þjálfara til að fá störf hjá erlendum siglingafélögum og á sama tíma auðveldar það okkur að fá erlenda þjálfara til starfa hér á landi sem eru vanir því kerfi sem við erum að koma á fót.

Málþing í maí



Jón Reynir fjallar um fyrirmyndafélag ÍSÍ

Um miðjan maí hélt SÍL málþing fyrir siglingafélögin þar sem fengnir voru sérfræðingar um íþróttaleg málefni til að halda erindi og taka þátt í umræðum. Gunnar Haraldsson formaður SÍL setti þingið og kynnti til leiks þrjá fyrirlesara sem fjölluðu allir um málefni sem tengjast starfsemi allra íþróttafélaga. Jón Reynir Reynisson, sérfræðingur á stjórnslusviði ÍSÍ, hélt erindi um fyrirmyndarfélög ÍSÍ og hvernig sú viðurkenning nýtist við stjórnun íþróttafélaga og auðveldar alla vinnu með stöðluðum

vinnubrögðum og handbókum. Að loknu erindi Jóns spunnust góðar umræður uns Þóra Gunnarsdóttir frá Skautasambandi Íslands hélt erindi um sjálfbodaliða, hvernig standa á að því að finna þá, halda utan um starf þeirra og halda þeim ánægðum í starfi. Erindi Þóru var einstaklega áhugavert enda hefur hún langa reynslu af því að starfa með sjálfbodaliðum og sem sjálfbodaliði sjálf. Var hún meðal annarra tilnefnd til íþróttældhuga ÍSÍ árið 2022. Eftir miklar umræður tók Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri ÍSÍ við og fjallaði um afreksstarf og hvað þarf til til að skapa rétta umgjörð utan um það. Erindi Vésteins var afar vel tekið og kom ýmislegt fram sem var upplýsandi fyrir siglingafélögin.

Keppisstjóranámskeið

Eitt af markmiðum uppbyggingar á starfsemi SÍL er að bæta keppisstjórn og allt utnumhald með keppni. Í því skyni var haldið keppisstjóranámskeið með Rob Holden. Fór það fram í Íþróttamiðstöðinni en að auki auglýsti SÍL eftir aðilum sem vildu sækja alþjóðlegt keppisstjóranámskeið í Noregi í október síðastliðnum. Tveir aðilar á vegum SÍL sóttu námskeiðið,



Hópurinn sem sótti Keppisstjóranámskeið World Sailing. Aðalsteinn er þriðji frá vinstri í fremri röð og Úlfur fjórði frá hægri í efri röð.

þeir Aðalsteinn Jens Loftsson og Úlfur Helgi Hróbjartsson. Námskeiðið var afar lærdómsríkt og miðaði að kröfum um alþjóðleg keppnisstjóraréttindi. Ætlunin er að nýta þekkingu og reynslu þá sem hinir íslensku þátttakendur öfluðu sér til framdráttar fyrir öll siglingafélög á Íslandi.

Mótahald

Mótahald var með hefðbundnu sniði en því miður var árið slakt hvað varðar keppni kjölbáta. Félögin þurfa að gera verulega gangskör í að fjölga keppendum bæði með því að bjóða báta sína fram í mót og að manna þá með áhöfnum. SÍL er ávallt tilbúið að leggja sitt af mörkum og ákveðið hefur verið að halda 3 daga kjölbátanámskeið (e. clinic) á komandi sumri. Þá var haldinn sérstakur fundur í haust, opinn öllum keppendum kjölbáta og farið yfir mótamál og skipulag auk þess sem Rob Holden hélt erindi um mikilvægi þess að keppa til að bæta siglingakunnáttu og reynslu. Á fundinum kom í ljós að mikil óánægja var með mótahaldið og var þess óskað að SÍL myndi taka meiri þátt í mótahaldinu. Upp úr þeirri umræðu spruttu þær tillögur sem liggja fyrir þinginu nú um skipulag og hlutverk SÍL og félaga innan SÍL í mótahaldi.



Hörð keppni á Íslandsmóti kæna sem haldið var á Akureyri.

Uppbygging á afreksstarfi

Á undanförunu ári var haldið miklum dampi í afreksstarfi SÍL. Í byrjun árs fóru þeir Sigurður Haukur Birgisson úr Ými og Hrafnkell Hannesson úr Brokey í sameiginlegar æfingabúðir með NTG menntaskólanum í Bærum Noregi til Kanaríeyja. Um var að ræða vikulangar æfingabúðir með mjög sterkum siglurum í góðum vindi og miklum öldum.

Hólmfríður Gunnarsdóttir úr Brokey var við æfingar í Cannes í Frakklandi síðast liðinn vetur auk þess sem hún sótti erlend mót. Má þar nefna Europa Cup í Pollensa á Mallorca og hið feikisterka Princess Soffia mót í Palma. Einnig tók hún þátt í heimsmeistaramóti U21 í Viana do Castelo í Portúgal þar



Hólmfríður á Heimsmeistaramóti U21 í Portúgal.

sem hún lenti í 67 sæti af 80 keppendum. Allir þessir keppendur hafa haldið áfram að æfa af krafti, Sigurður Haukur í Hollandi og Hólmfríður bæði í Frakklandi og hér heima og Hrafnkell Stefán hér heima. Stefnan hefur verið tekin á enn frekari árangur afreksfólksins. Auk þess að keppa erlendis í ólympískum flokkum þá hefur Aðalsteinn Jens Loftsson tekið þátt í keppnum erlendis á Aero 9 og náði hann þeim frábæra árangri að lenda í 16 sæti á heimsmeistaramóti Aero 9 sem haldið var í hinum sögufræga siglingaklúbbsi *Hailing Island Sailing Club* á samnefndir eyju við suðurströnd Bretlands.

Formlegar staðfestingar til siglingafélaga

Hluti af því uppbyggingarferli sem SÍL hefur hleypt af stokkunum er að laga kennsluáferðir og kennsluefni að kröfum Alþjóða siglingasambandsins með það að markmiði að siglingakennsla á Íslandi verði viðurkennd af sambandinu. Til að hljóta þá viðurkenningu þarf siglingakennsla á Íslandi að standast þær kröfur sem gerðar eru af sambandinu. Því var ákveðið að SÍL myndi veita þeim siglingafélögum formlega staðfestingu sem uppfylltu kröfur um þekkingu þjálfara kennsluáferðir og öryggiskröfur, skv. stöðlum SÍL. Þrjú félög fengu viðurkenningu í ár og voru það Siglingaklúbburinn Nökkvi, Siglingafélag Reykjavíkur Brokey og Siglingafélagið Ýmir.



Þorsteinn Aðalsteinsson Ými hlýtur viðurkenningu SÍL. Með honum á myndinni er Rob Holden.

Íþróttafólk ársins

Lokahófi SÍL var haldið á Sky bar og voru þar veitt árleg verðlaun og viðurkenningar. Áhöfnin á Sigurborgu úr Ými hlaut Íslandsbikarinn fyrir samanlagðan árangur í kjölbátakeppnum. Siglingakona ársins var Hólmfríður Gunnarsdóttir úr Brokey og siglingamaður ársins var Sigurður Haukur Birgisson Ými. Hin lítt svo eftirsóttu verðulaun Strandbikarinn, hlaut áhöfnin á Bestu.



Haukur og Hólmfríður voru kjörin Siglingafólk ársins 2024.

Útgáfa Siglingafrétta

Á árinu voru gefnar út Siglingafréttir en ritstjóri þess var Gunnar Hlynur Úlfarsson. Í Siglingafréttum birtast upplýsingar um ýmislegt sem tengist siglingum, siglingafólki, keppni og fróðleikur. Ekki verður annað séð en að Siglingafréttum sé vel tekið af siglingafólki og full ástæða til að gera útgáfu þess að reglulegum viðburði. Siglingafréttir hafa alla burði til að vera góð viðbót við annað það upplýsinga- og kynningarefni, s.s. á samfélagsmiðulum, sem nauðsynlegt er til að upplýsa og fræða fólk um það sem er að gerast í siglingaheiminum og efla áhugann.

Barátta fyrir tilvist

Því miður virðist líttill skilningur meðal ráðamanna á starfsemi og stöðu siglingafélaga í landinu. Aðstöðumál eru víða í lamasessi og erfitt er að halda úti siglingastarfi ef öll orkan félagsmanna fer í að viðhalda ófullnægjandi kofum eða hússkriflum. Sem dæmi má nefna að á Akranesi, í Stykkishólmi, Garðabæ og á Sauðarkröki er nánast algjört húsnaðisleysi félaganna. Þá hefur komið upp vandamál er tengist mengun sjávar í Keflavík þar sem athafnasvæði það sem bærinn hefur úthlutað félaginu er við meginútfall fráveitukerfis bæjarins. Við þetta bætist svo ráðaleysi Reykjavíkurborgar gagnvart aðstöðu Kayaklúbbsins og Siglingafélagsins Brokeyjar.

SÍL hefur reynt að aðstoða félögin eftir fremsta megni við að fá bætt aðstöðu (eða einhverja) og hefur í því skyni safnað og dregið fram í dagsljósið ýmis konar gögn, tekið þátt á fundum og talað máli þeirra við hina ýmsu aðila. Það er mikilvægt að við styðjum hvert annað í þessari baráttu og nýtum samtakamátt okkar. Hér á höfuðborgarsvæðinu eru blikur á lofti varðandi aðstöðumál siglingafélaganna, ekki síst vegna framkvæmda sem tengjast Borgarlínu. SÍL hefur fylgst náið með málinu og tekið óhikað þátt í baráttu þeirra féлага sem sjá starfi sínu stefnt í hættu.

Á sama tíma hefur þrengst verulega að fjárhag sambandsins af hálfu ÍSÍ framlög hafa lækkað að raunvirði og langt umfram flest önnur sérsambönd. SÍL hefur leitað formlega skýringa og leiðréttinga og bíður svara og viðbragða.

Framtíðin er björt

Þrátt fyrir mótbyr þá er framtíðin björt. Eftirspurn eftir námskeiðum er meiri en eftirspurn og þátttaka á opnum húsum þeirra féлага sem bjóða uppá slíkt er góð. Opin hús þeirra féлага sem boðið geta upp á slíkt hafa skilað miklu í aukinni þátttöku og félagsstarfi. Ýmir hefur stofnað róðrardeild og ef áætlanir ganga eftir verður þess ekki langt að bíða að við sjáum kappróður og æfingar í róðri á Fossvogi. Einnig hefur straumkayakinn vaknað úr dvala sem keppnisíþrótt og stefnan tekinn á að halda Íslandsmót straumkayaka nú í sumar í Tungufljóti.

Aukin þátttaka er lykillinn að því að siglingar nái að vaxa og dafna enn frekar á Íslandi. En það er ekki nóg að fjölda þátttakendum ef ekki er hlúð að félagsstarfinu. Blómlegt félagsstarf sem býður alla velkomna og hlúir að félagsmönnum er nauðsynlegt til að ná öllum markmiðum sem við kunnum að setja okkur, hvort sem það er til bættrar lýðheilsu, útivistar, keppni eða uppbyggingu afreksstarfs. Hér þurfum við öll að standa saman og styðja hvort annað.

Úrslit 2024 móta

Kayak

Engar keppnir voru á keppniskrá kayakræðara árið 2024.

Kænur

Opnunarmót – Haldið af Siglingaklúbbnum Þyt dagana 18-19 maí

| Flokkur | Nafn | félag | U1 | U2 | U3 | U4 | Stig | Sæti |
|------------------|---------------------------|--------|----|----|-------|-------|------|------|
| Optimist | | | | | | | | |
| | Heimir Halldórsson | Brokey | 1 | 1 | 2 | 0 | 4 | 1 |
| | Guðmundur Leó | Brokey | 2 | 2 | 1 | 0 | 5 | 2 |
| ILCA6 | | | | | | | | |
| | Sigurður Haukur Birgisson | Ýmir | 1 | 2 | 1 | 1 | 3 | 1 |
| | Hrafnkell S Hannesson | Brokey | 2 | 1 | 2 | 2 | 5 | 2 |
| | Elías Joaquin Burgos | Ýmir | 4 | 3 | 3 | 3 | 9 | 3 |
| | Jóhannes Macrander | Þytur | 3 | 4 | 4 | DNS/8 | 11 | 4 |
| | Gabriel Arthúr Pétursson | Þytur | 6 | 6 | 5 | 4 | 15 | 5 |
| | Marek Bäumer | Þytur | 5 | 5 | DNS/8 | DNS/8 | 18 | 6 |
| | Sigurður | Þytur | 7 | 7 | 6 | 5 | 18 | 6 |
| Opinn fl. | | | | | | | | |
| | | | | | | | 0 | 0 |
| Aero 7 | Aðalsteinn Jens Loftsson | Ýmir | 2 | 1 | 1 | 1 | 3 | 1 |
| Aero 5 | Veronica Sif Foldar | Þytur | 1 | 3 | 2 | 2 | 5 | 2 |
| Aero 5 | Tóbý Sól Hermannsdóttir | Þytur | 4 | 2 | 5 | 5 | 11 | 3 |
| Aero 7 | Jón Ólafsson | Brokey | 3 | 4 | 5 | 5 | 12 | 4 |

Sumarmót – Haldið af Siglingafélagi Reykjavíkur – Brokey dagana 8-9.júní

| Flokkur | Nafn | félag | U1 | U2 | U3 | U4 | Stig | Sæti |
|-----------------|----------------------------|--------|-----|----|----|----|------|------|
| Optimist | | | | | | | | |
| | Saga Pyykkönen | Þytur | 2 | 2 | 1 | 1 | 6 | 1 |
| | Guðmundur Leó Gunnarsson | Brokey | 1 | 1 | 2 | 2 | 6 | 2 |
| ILCA 6 | | | | | | | | |
| | Sigurður Haukur Birgisson | Ýmir | 1 | 2 | 3 | 1 | 7 | 1 |
| | Hrafnkell Stefán Hannesson | Brokey | 2 | 1 | 2 | 2 | 7 | 2 |
| | Elías Joaquin Burgos | Ýmir | 3 | 3 | 1 | 3 | 10 | 3 |
| Opinn fl | | | | | | | | |
| RS Aero 5 | Veronica Sif Foldar | Þytur | 1 | 1 | 1 | 1 | 4 | 1 |
| RS Aero 7 | Aðalsteinn Jens Loftsson | Ýmir | 2,5 | 2 | 3 | 2 | 9,5 | 2 |
| RS Aero 5 | Tóbý Sól Hermannsdóttir | Þytur | 2,5 | 3 | 2 | 3 | 10,5 | 3 |

Miðsumarmót – Haldið af Siglingafélagi Reykjavíkur – Brokey dagana 11-12.júní-

| Flokkur | Nafn | félag | U1 | U2 | U3 | U4 | Stig | Sæti |
|------------------|--|--------|-------|-------|-------|-------|------|------|
| Optimis t | | | | | | | | |
| | Heimir Halldórsson | Brokey | 1 | 1 | 3 | 2 | 7 | 1 |
| | Ingunn Laufey Gunnarsdóttir | Brokey | 2 | 2 | 1 | 3 | 8 | 2 |
| | Guðmundur Leó Gunnarsson | Brokey | 3 | DSQ | 2 | 1 | 11 | 3 |
| | Gauti Smáráson | Brokey | 4 | DNS | DNS | DNS | 19 | 4 |
| ILCA 4 | | | | | | | | |
| | Loki Lee Barrett | Brokey | 1 | 1 | 1 | 1 | 4 | 1 |
| | Daníel Ernir Jóhannson | Brokey | 2 | 2 | 2 | 2 | 8 | 2 |
| | Orrí Steinn Ákason | Brokey | 3 | DNS | DNS | DNS | 12 | 3 |
| ILCA 6 | | | | | | | | |
| | Sigurður Haukur Birgisson | Ýmir | 1 | 1 | 2 | 1 | 5 | 1 |
| | Hrafnkell Stefán Hannesson | Brokey | 2 | 2 | 1 | 2 | 7 | 2 |
| | Björn Thor Stefánsson | Brokey | 3 | 3 | 3 | 3 | 12 | 3 |
| Opinn fl | | | | | | | | |
| | Aðalsteinn Jens Loftsson | Ýmir | DSQ/5 | 1 | 1 | 1 | 8 | 1 |
| Aero 7 | Jón Þorberg Ólafsson | Brokey | 1 | 3 | 2 | 2 | 8 | 2 |
| | Veronica Sif Foldar Ólafur Áki Kjartansson | Þytur | DSQ/5 | 2 | 5 | 5 | 17 | 3 |
| 29er | og Árni Friðrik Guðmundsson | Brokey | 2 | DNS/5 | DNS/5 | DNS/5 | 17 | 4 |



Íslandsmeistaramót – Haldið af Siglingafélaginu Þyt í Hafnarfirði dagana 3-7. Ágúst

| Flokkur | Nafn | félag | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | U6 | U7 | U8 | Stig | Sæti |
|-----------------|-------------------------------|--------|----|----|----|----|----|----|----|----|------|------|
| Optimist | | | | | | | | | | | | |
| | Guðmundur Leó Gunnarsson | Brokey | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 1 | 2 | 1 | 8 | 1 |
| | Heimir Halldórsson | Brokey | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 2 | 1 | 3 | 12 | 2 |
| | Ingunn Laufey Gunnarsdóttir | Brokey | 3 | 3 | 3 | 3 | 2 | 3 | 3 | 2 | 19 | 3 |
| RS Tera | | | | | | | | | | | | |
| | Friðrik Veigar Ólafsson | Nökkvi | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 2 | 8 | 1 |
| | Dagmar Steinþórsdóttir | Nökkvi | 5 | 2 | 2 | 2 | 3 | 3 | 3 | 3 | 18 | 2 |
| | Birnir Mar Steinþórsson | Nökkvi | 5 | 5 | 5 | 3 | 1 | 2 | 2 | 1 | 19 | 3 |
| | Albert Gísli Barðason | Nökkvi | 5 | 5 | 5 | 4 | 4 | 4 | 5 | 4 | 31 | 4 |
| ILCA 4 | | | | | | | | | | | | |
| | Daníel Ernir Jóhannsson | Brokey | 4 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 1 | 8 | 1 |
| | Lára Run Keel Kristjánsdóttir | Nökkvi | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 2 | 4 | 4 | 15 | 2 |
| | Þórir Steingrímsson | Nökkvi | 1 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 4 | 25 | 3 |
| ILCA 6 | | | | | | | | | | | | |
| | Hólmfríður K. Gunnarsdóttir | Brokey | 2 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 2 | 1 | 8 | 1 |
| | Sigurður Haukur Birgisson | Ýmir | 1 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 1 | 2 | 12 | 2 |
| | Elias J Burgeso | Ýmir | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 4 | 3 | 3 | 22 | 3 |
| | Björn Thor Stefánsson | Brokey | 7 | 4 | 3 | 5 | 4 | 3 | 4 | 4 | 27 | 4 |
| | Kirill Solofuskiy | Brokey | 7 | 5 | 5 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 34 | 5 |
| | Halldór Gísli Karlsson | Þytur | 7 | 7 | 7 | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 44 | 6 |
| Opinn fl | | | | | | | | | | | | |
| RS Areo 9 | Aðalsteinn Jens Loftsson | Ýmir | 1 | 1 | 2 | 1 | 1 | 4 | 3 | 3 | 12 | 1 |
| RS Areo 5 | Veronica Sif Ellertsdóttir | Þytur | 3 | 2 | 3 | 3 | 2 | 1 | 1 | 1 | 13 | 2 |
| RS Areo 5 | Tóbý Sól Hermannsdóttir | Þytur | 2 | 3 | 1 | 4 | 3 | 2 | 2 | 2 | 15 | 3 |
| RS Areo 7 | Jón Þorberg Ólfsson | Brokey | 5 | 4 | 4 | 2 | 4 | 3 | 4 | 4 | 25 | 4 |

Akureyrarmót/Lokamót – Haldið af Siglingfélaginu Nökkva á Akureyri dagana 27-28. ágúst

| Flokkur | Nafn | félag | U1 | U2 | U3 | U4 | Stig | Sæti |
|----------------------|------------------------------|--------|-----|-----|-----|-----|------|------|
| Optimist | | | | | | | | |
| | Guðmundur Leó Gunnarsson | Brokey | 2 | 1 | 1 | 0 | 4 | 1 |
| | Heimir Halldórsson | Brokey | 1 | 2 | 2 | 0 | 5 | 2 |
| | Yrsa Eyþórsdóttir | Þyt | 3 | 3 | 3 | 0 | 9 | 3 |
| Rs Tera | | | | | | | | |
| | Friðrik Veigar Ólafsson | Nökkvi | 1 | 1 | 1 | 0 | 3 | 1 |
| | Albert Gísli Barðason | Nökkvi | DNS | DNS | DNS | 0 | 9 | 2 |
| ILCA 6 | | | | | | | | |
| | Sigurður Haukur Birgisson | Ými | 1 | 1 | 2 | 1 | 3 | 1 |
| | Hrafnkell Stefán Hannesson | Brokey | 2 | 2 | 1 | 2 | 5 | 2 |
| | Elías J. Burgos | Ými | DSQ | 3 | 3 | 3 | 9 | 3 |
| | Halldór Gísli Karlsson | Þyt | 3 | 4 | 4 | DNS | 11 | 4 |
| RS FEVA | | | | | | | | |
| | Mahaut Matharel | Nökkvi | 2 | 1 | 1 | 1 | 3 | 1 |
| | Lára Rún Keel | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Kveldúlfur Snjóki | Nökkvi | 1 | 2 | 2 | 2 | 5 | 2 |
| | Þórir Steingrímsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Ziemowit Aleksander Gaworski | Nökkvi | 3 | 3 | DNS | DNS | 10 | 3 |
| | Ari Bjork | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Opinn flokkur | | | | | | | | |
| ILCA 4 | Daníel Ernir Jóhannsson | Brokey | 1 | 1 | 1 | 1 | 3 | 1 |
| Aero 5 | Veronica Sif Ellertsdóttir | Þyt | 2 | 2 | 2 | 2 | 6 | 2 |

Áramót – Ýmir

Áramótið 2024 féll niður vegna hafíss.

Kjölbátar

Opnunarmót – Haldið af Siglingafélaginu Hafliða 25-26 maí.

| Bátur | Skipstjóri | félag | sigldur tími | umr. Tími | sæti |
|-----------|------------------------------|---------|--------------|-----------|------|
| Sigurborg | Hannes Sveinbjörnsson | Ýmir | 02:15:49 | 02:04:41 | 1 |
| Dögun | Þórarinn Stefásson | Brokey | 02:32:25 | 02:06:58 | 2 |
| Ísmolinn | Ragnar Hilmarsson | Hafliði | 02:18:11 | 02:09:54 | 3 |
| Sif | Óli Grétar Blöndal Sveinsson | Ýmir | 02:52:16 | 02:41:04 | 4 |

Íslandsmót – Haldið af Siglingafélag Reykjavíkur Brokey dagana 14-18. ágúst

| Bátur | Skipstjóri | félag | U1 | U2 | U3 | U4 | U5 | U6 | Stig | Sæti |
|-----------|--------------------------|--------|----|----|-------|-------|-------|-------|------|------|
| Besta | Baldvin Björgvinsson | Brokey | 1 | 1 | 2 | 2 | 1 | 1 | 6 | 1 |
| Dögun | Þórarinn Stefásson | Brokey | 4 | 4 | 1 | 1 | 2 | 4 | 14 | 4 |
| Sigurborg | Hannes Sveinbjörnsson | Ýmir | 3 | 2 | 3 | 4 | 4 | 2 | 14 | 3 |
| Íris | Aron Árnason | Brokey | 2 | 3 | 4 | 3 | 3 | 3 | 12 | 2 |
| Sigurvon | Gunnar Haraldsson | Brokey | 5 | 5 | DNS/6 | DNS/6 | DNS/6 | DNS/6 | 28 | 5 |

Íslandsbikar

| Sæti | Bátur | Félag | Opnunar -mót | Stig |
|------|-----------|---------|-----------------|------|
| 1 | Sigurborg | Ýmir | 1 | 1 |
| 2 | Dögun | Brokey | 2 | 2 |
| 3 | Ísmolinn | Hafliða | 3 | 3 |
| 4 | Sif | Ýmir | 4 | 4 |
| 5 | Besta | Brokey | 5 | 5 |
| 6 | Sigurvon | Brokey | 5 | 5 |

Lög SÍL

1. Skipulag

- 1.1 Sambandið heitir Siglingasamband Íslands skammstafað SÍL.
Það er æðsti aðili innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) um alla þætti siglinga og málefnum þeim tengdum.
- 1.2 Heimili og varnarþing Siglingasambandsins er í Reykjavík.
- 1.3 Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á siglingar undir seglum, árum, drekum eða vélarafli, eru aðilar að SÍL, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi eða íþróttabandalagi.
- 1.4 Tilgangur og markmið.
Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er það í verkahring SÍL að sinna hagsmunamálum sem tengjast siglingum svo sem á sviði fræðslu-, réttinda-, öryggis-, samgöngu-, ferða og umhverfismála.
Önnur markmið eru:
 - Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu siglinga m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.
 - Að vera málsvari siglingamanna jafnt innanlands sem erlendis.
 - Að koma fram fyrir hönd siglinga gagnvart opinberum aðilum.
 - Að þýða alþjóðlegar kappsiglingareglur og gefa út.
 - Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara og keppnisstjóra, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
 - Efla siglingar sem tómstunda- og almenningsíþrótt.

2. Stjórnun

- 2.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af
 - a) Siglingaþingi
 - b) Stjórn SÍL
- 2.2 Reikningar SÍL skulu endurskoðaðir ár hvert af félagslegum skoðunarmönnum reikninga sem siglingaþing kys árlega til eins árs í senn. Félagslegir skoðunarmenn reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir SÍL sem snerta fjármál. Þeir bera ábyrgð gagnvart siglingaþingi og skulu þeir eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi SÍL og er stjórninni skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess. Felli siglingaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til aukabings (sbr. lið 5) sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

3. Siglingaþing

- 3.1 Siglingaþing fer með æðsta vald í málefnum SÍL.
- 3.2 Siglingaþing sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.
- 3.3 Þrír fulltrúar koma frá hverju aðildarfélagi innan hvers héraðssambands eða íþróttabandalags.
- 3.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða boðað til þess bréflaga eða með tölvupósti með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.
- 3.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL, bréflaga eða með tölvupósti minnst 3 vikum fyrir þingið.
- 3.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/ íþróttabandalögum og aðildarfélögum fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið.

- 3.7. Fastanefndir SÍL starfa á milli þinga og tveim vikum fyrir Siglingaþing skal nefndarmönnum vera sendar tillögur sem liggja fyrir þinginu. Formaður nefndar kallar saman nefndina til að fara yfir tillögur og l eggja fram álit á siglingaþingi. Fundir nefndanna mega vera rafrænir og opnir fyrir áheyrendur. (Bætt við á 48. Siglingaþingi)
- 3.8 Siglingaþing er lögmett ef löglega hefur verið til þess boðað.
- 3.9 Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétt hafa:
- a. stjórn SÍL
 - b. heiðursformaður og heiðursfélagar
 - c. fulltrúi héraðssambands/ípróttabandalags sem hefur siglingar innan sinna vébanda
 - d. framkvæmdastjórn ÍSÍ
 - e. fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSÍ
 - f. allir nefndarmenn SÍL
 - g. fulltrúi ráðuneytis ípróttamála auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
- 3.10 Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar siglingar og er innan sérráðs eða héraðssambands/ ípróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.
- 3.11 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en einni viku fyrir siglingaþing.
- 3.12 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrir þann aðila sérráðs eða sambands/ bandalags sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

4. Dagskrá siglingaþings

- 4.1.1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörmir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Lögð fram skýrsla stjórnar
8. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðunarmönnum reikninga félagsins.
9. Umræður um skýrslu stjórnar
10. Umræður um og samþykkt reikninga
11. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
12. Lagabreytingatillögur
13. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
14. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar
 - a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
 - b) Kosning fastanefnda (Breyting gerð á 48 Siglingaþingi) (Stjórn SÍL á komandi ári þurfi að finna og skilgreina hlutverk þessara nefnda sem verði lagt fyrir SÍLÞING 2022)
 - i) Fjárhagsnefnd 3 manna

- ii) Laga- og leikreglanefnd 3 manna
- iii) Mótanefnd 3 manna

- c) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
- d) Fulltrúa á íþróttapíng í samræmi við reglur ÍSÍ

17. Þingslit

18. Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingapíngi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal

- 4.2 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir mál sem fram kemur eftir að dagskrá þingsins hefur verið send sambandsaðilum SÍL.
- 4.3 Árskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

5. Aukapíng

5.1 Aukapíng skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara.

- a) Eftir ákvörðun siglingapíngs
- b) Þegar a.m.k. ½ sambandsaðila óskar þess.
- c) Að frumkvæði stjórnar SÍL

5.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukapíngi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.

5.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukapíng skal senda aðilum dagskrá þingsins.

5.4 Á aukapíngi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

5.5 Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingapíng.

6. Stjórn SÍL og nefndir

6.1 Í stjórn SÍL eiga sæti.:

- a) 5 menn.

Kosning fari þannig fram;

- 1 formaður
- 4 meðstjórnendur
- 3 varamenn

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

- b) Stjórn kys varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.
- c) Varamenn taki sæti í stjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir.
- d) Ef formaður hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.

6.2 Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður SÍL boðar stjórnarfundi og stýrir þeim.

6.3 Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.

6.4 Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

6.5 Nefndir kosnar á Siglingapíngi starfa fram að kosningu á næsta þingi og geta verið ráðgefandi fyrir stjórn SÍL. Fyrir þing skulu þær fara yfir þær tillögur sem liggja fyrir þinginu og gefa álit á þeim tillögum. (bætt við á 48 Siglingapíngi)

7. Starf stjórnar

- 7.1 Starf stjórnar SÍL er m.a.;
- Að framkvæma ályktanir siglingaþings
 - Að annast rekstur sambandsins.
 - Að vinna að eflingu siglinga.
 - Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
 - Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
 - Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
 - Að ráðstafa þeim styrkjum sem SÍL fær til umráða.
 - Að koma fram erlendis fyrir hönd SÍL.
 - Að sjá útgáfumál SÍL.
- 7.2 Stjórn SÍL skal gæta þess að formannafundur séu haldnir amk tvisvar á ári. Til samráðs fyrir Siglingaþing og að hausti að loknu keppnistímabili .

8. Sérráð

- 8.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd skal SÍL vinna að stofnun sérráða.
- 8.4 Stjórn SÍL hefur frjálsan aðgang að öllum siglingamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, Dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

9. Ýmis ákvæði

- 9.1 Heiðursformann SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mætttra fulltrúa samþykkja kjörið.
- 9.2 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.
- 9.3 Heiðursfélaga SÍL má kjósa á siglingaþingi.
- 9.5 Heiðursfélagar hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétt.

10. Slit SÍL

- 10.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögmætu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða.
- 10.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þinggerð og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.
- 10.3 Ráðstöfun eigna: Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu. Þar til annað siglingasamband verður stofnað og skulu þá eignir gamla SÍL renna til þess óskertar.
- 10.4 Lagabreytingar: lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með $\frac{2}{3}$ hlutum greiddra atkvæða.

Lög þessi voru samþykkt á 40. Siglingaþingi 23. febrúar 2013, með breytingum samþykktum á 41. Siglingaþingi 22. febrúar 2014, með breytingum samþykktum á 45. Siglingaþingi 17. febrúar 2018, með breytingum samþykktum á 48. Siglingaþingi 27. febrúar 2021 með breytingum samþykktum á 49. Siglingaþingi 27. mars 2022 með breytingum samþykktum á 50. Siglingaþingi 18. febrúar 2023 með breytingum samþykktum á 51. Siglingaþingi 24. Febrúar 2024

Reikningar 2024

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2024

| Rekstrartekjur | 2024 | 2023 |
|---|-------------------|-------------------|
| Útbreiðslustyrkur | 4.093.295 | 4.133.199 |
| Ríkisstyrkur | 2.523.934 | 2.750.000 |
| Afrekssjóður ÍSÍ | 1.150.000 | 1.162.500 |
| DNSS styrkur IOC/OS | 3.180.783 | |
| Afrekssjóður ÍSÍ, niðurfelldur styrkur 2021 | | -650.000 |
| ÍSÍ Lottó | 4.875.753 | 4.364.838 |
| Afreksstyrkur til bátakaupa | 200.000 | |
| Þáttökugjöld | 498.128 | 876.250 |
| Námskeiðagjöld | 494.498 | 900.850 |
| IRC forgjöf kjölbáta | 253.493 | |
| Lokahóf SÍL | 164.000 | 153.000 |
| | 17.433.884 | 13.690.637 |
| Rekstrarkostnaður | | |
| Laun og launatengd gjöld | | |
| Laun | 7.924.339 | 8.721.216 |
| Launatengd gjöld | 1.521.584 | 1.126.584 |
| Tryggingargjald | 591.868 | 619.422 |
| | 10.037.791 | 10.467.222 |
| Húsnæði og skrifstofukostnaður | | |
| Húsaleiga | 626.532 | 569.652 |
| Bókhalds- og uppgjörskostnaður | 12.357 | 84.146 |
| Síma- lénskostn og hugb. þjónusta | 42.652 | |
| Tölvubún og leiga á hugb. leifum | 160.913 | 392.229 |
| | 842.454 | 1.046.027 |
| Annar kostnaður | | |
| Ferða og hótélkostnaður | | 662.598 |
| Námskeiðakostnaður | 645.161 | 553.097 |
| Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 841.371 | 1.631.709 |
| Mót erlendis | | 3.132.540 |
| Æfingabúðir og erlend mót | 2.422.154 | |
| Búningar | 49.737 | |
| Félags og aðildargjöld | 107.177 | 107.239 |
| IRC forgjöf | 89.810 | 58.588 |
| Afrekskostnaður | 961.650 | 346.496 |
| Þing og fundarkostnaður | 1.296.064 | 341.563 |
| Verktakar | | 338.156 |
| Verðlaunapeningar | 134.320 | |
| Tryggingar | 52.113 | 42.310 |

| | | |
|----------------------------------|------------------|-------------------|
| Lokahóf | 266.700 | 468.429 |
| Niðurfærðar birgðir | 125.521 | |
| | 6.991.778 | 7.682.725 |
| Fjármagnsliðir | | |
| Vaxtatekjur | 955.683 | 954.237 |
| Vaxtagjöld | -1.048 | -565 |
| Innheimtu, posa og þjónustugjöld | -16.095 | -24.308 |
| Fjármagnskostnaður | -209.736 | -209.900 |
| Samtals | 728.804 | 719.464 |
| Hagnaður/Tap ársins | 290.665 | -4.785.873 |

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2024

| | 2024 | 2023 |
|---------------------------------|-------------------|-------------------|
| EIGNIR | | |
| <i>Fastafjármunir:</i> | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | |
| Áhöld og tæki | 1.129.684 | 1.255.205 |
| | <u>1.129.684</u> | <u>1.255.205</u> |
| <i>Veltufjármunir:</i> | | |
| Skammtímakröfur | | |
| Viðskiptakröfur | 6.336.208 | 3.833.982 |
| Aðrar viðskiptakröfur | 5.613 | 5.613 |
| Handbært fé: | | |
| Bankareikningar | 11.001.835 | 13.005.450 |
| Veltufjármunir samtals | <u>17.343.656</u> | <u>16.845.045</u> |
| Eignir alls | <u>18.473.340</u> | <u>18.100.250</u> |
| SKULDIR OG EIGIÐ FÉ | | |
| <i>Eigið fé</i> | | |
| Óráðstafað eigið fé | 17.069.188 | 16.778.523 |
| Eigið fé samtals | <u>17.069.188</u> | <u>16.778.523</u> |
| <i>Skuldir</i> | | |
| Lánadrottinnar | 1.186.758 | 345.387 |
| Launatengd gjöld | 217.394 | 976.340 |
| Skuldir samtals | <u>1.404.152</u> | <u>1.321.727</u> |
| Skuldir og eigið fé alls | <u>18.473.340</u> | <u>18.100.250</u> |

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2024 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við.

Reykjavík 22. febrúar 2025

Ragnar Hilmarsson

Ólafur Már Ólafsson